

## Jákvæð teikn í rekstri MS

LEIDARI

Eins og fram hefur komið meðal annars á aðalfundi MS og deildarfundum Auðhumla í mars mánuði, var síðasta ár um margt jákvætt í rekstri MS. Kom það sérstaklega fram á síðari hluta ársins. Vörusala jókst um tæplega 700 m.kr. á árinu og varð 24,5 mja.kr. aðeins 0,26% frá áætlun. Það var ánægjulegt eftir þann titring og frávik sem við upplifðum árið áður. Rekstrarhagnaður (ebitda) var 1.416 m.kr. eða nálægt tvöföldun frá fyrra ári, miðað við að Ísey ehf var undanskilið síðari hluta ársins. Endanleg rekstrarniðurstaða 2018 var þó tap upp á 273 m.kr, eftir að gjaldfærðar voru 440 m.kr. vegna sektar Samkeppniseftirlitsins. Sú gjaldfærsla var talin eðlileg eftir neikvæða niðurstöðu héraðsdóms í fyrra, en málið er nú rekið fyrir í Landsrétti og vonast eftir niðurstöðu í kringum næstu áramót.

Hækkun heildsöluverðs mjólkurvara í september síðast liðnum á sinn þátt í viðsnúningi í rekstri, en einnig má nefna að framleiðslan á síðari hluta ársins færðist nær því sem þörf er á fyrir innanlandsmarkað, eftir að hafa verið óþarflega mikil framan af árinu. Hlutafjárukning í formi húsnæðis afurðastöðva sem MS hafði áður leigt af Auðhumla, lækkaði rekstrarkostnað, sem og margvíslegar aðhalds- og hagræðingaraðgerðir.

### Skilar sér áfram 2019

Það er ánægjulegt að batinn sem við upplifðum í rekstrinum á síðasta ári virðist ætla að halda áfram 2019 og áhrif af hagræðingu eru að skila sér betur. Þannig eru t.d. stöðugildi um 30 færri núna en að meðaltali árið 2018, að teknu tilliti til verkefnaflutnings frá MS til Auðhumla. Mjólkurframleiðslan er líka í betra jafnvægi og innvigtun um 2,4 milljónum lítra lægri fyrstu 15 vikurnar heldur en í fyrra. Söluaukning 2019 er áætluð um 1% í magni og 4% í verðmætum og sú áætlun hefur verið að ganga eftir.

Þessa fyrstu mánuði ársins er reksturinn því verulega betri en árið áður, sem endurspeglast meðal annars í að lausafjárstaða félagsins, sem var orðin óviðunandi, er nú með eðlilegum hætti.

Á þessu ári hefur hlutfé MS verið aukið um nálega 1 milljarð króna, sem eigendur greiddu sem næst til helminga svo sem ráðgert hafði verið. Við það jókst hlutur KS úr 9,9% í 15%, eins og hann var við stofnun MS í núverandi mynd árið 2007. Megin tilgangur hlutafjárukningar síðustu ára var að undirbyggja nauðsynlegar fjárfestingar, m.a. í duftgerð o.fl. á Selfossi, og smávörudeild og bættri aðstöðu á Akureyri. Þau áform hafa tafist meðal annars vegna slakari rekstrar en reiknað var með. Ég tel að við séum á réttri leið núna og getum fljótlega farið að huga að næstu skrefum í þessum verkefnum ef ekkert óvænt kemur upp á.

### Meiri stöðugleiki að skapast

Undirritun kjarasamninga, sem meira en 100 þúsund starfsmenn á almennum vinnumarkaði starfa eftir, er að sjálfsögðu mjög jákvætt innlegg gagnvart þeirri gríðarlegu óvissu sem ríkt hefur um stöðuna á vinnumarkaði, verðbólguhorfur og líklega þróun efnahagsmála. Samningarnir gefa vísbendingu um að launabreytingatakturinn verði áfram mjög hár á íslenskum vinnumarkaði og verulega hærri en í nágrannalöndunum. Engu að síður hefur sá friður og stöðugleiki sem samningarnir stuðla að, aukið líkurnar á því að MS geti haldið sínu striki í rekstrinum á þessu ári.

Með góðri kveðju,  
Ari Edwald

## Mysingur litli

Mysingur litli fæddist í Mjólkursamlagi KEA 12. júlí 1950. Faðir minn var Ingi Hansen sem var húsvörður og vélagæslumaður hjá samlaginu og móðir mín var Tómasína Hansen húsfreyja. Ég fæddist í húsvörðaríbúð sem var á efstu hæð í Mjólkursamlaginu. Þannig hagaði til að Jónas Kristjánsson fyrrverandi samlagsstjóri kom stundum upp í kaffi, og í eitt skiptið var ég að borða brauð með mysing og var allur útataður í mysing í andlitinu. Þá sagði Jónas, þarna sé ég hvað mig vantar. Má ég taka mynd af drengnum og nota hana framan á mysings-dósirnar. Já því ekki það sagði móðir mín, og þá var það ákveðið. Þarna var ég 8-10 mánaða gamall. Jónas mætti með myndatökumann, en þá var ég víst mikið snyrtilegri en í fyrra skiptið. Þarna var ég allt í einu orðinn að vörumerki sem var notað í mörg ár. Þetta voru pappadósir sem voru vaxbornar, en þetta vörumerki datt út þegar plastdósirnar komu á markaðinn. Mér skilst að ég sé kominn á lðnaðarsafnið á Akureyri og Þjóðminjasafnið í Reykjavík.



Gréta Vigfúsdóttir, starfsmaður Osta og smjörsölnunnar og síðar Mjólkursamsölnunnar til áratuga, fann þessa mysings dós í ónefndu dánarbúi og færði safni MS að gjöf í mars 2019.


Ég byrjaði að vinna hjá Mjólkursamlagi KEA 1. júní 1963 við að raða smjörstykjum í kassa. Þar vann ég í fjögur sumur sem sumarstrákur. Síðan lærði ég Vélvirkjun hjá Vélsmiðjunni Odda á Akureyri, og vann þar í 14 ár. Á vegum Odda fór ég til Svíþjóðar að læra inn á mjólkurvinnsluvélar og var með viðgerðarþjónustu fyrir Alfa-Laval á Íslandi í 5 ár. En 2. janúar 1982 hóf ég störf sem viðgerðarmaður hjá Mjólkursamlagi KEA og varð Verkstæðisformaður þar 1994. Ég sá um Verkstæðið í 22 ár eða þangað til ég lét af störfum þann 31. desember 2016 eftir 36 ára starf í mjólkuriðnaði. Í dag nýt ég lífsins eftir að vera búinn að vinna í rúmlega 50 ár.

Stefán Ívar Hansen.


# Framleiðsla mjólkur 2019

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Nú um miðjan apríl 2019 er mjólkurframleiðslan áþekkt því vikulega innvigtunarmynstri eins og það var á sama tíma árs 2017. Í rekstraráætlun Mjólkursamsöslunnar fyrir 2019 er gert ráð fyrir um 148 millj. ltr framleiðslu á yfirstandandi ári. Verði það niðurstaðan má þess vænta að mynstur framleiðslunnar verði sambærilegt því sem það er um þessar mundir og fram á mitt þetta ár. Eftir það þyrfti framleiðslan að vera sambærileg framleiðslunni á seinni hluta árs 2018. Það mynstur myndi leiða til um 148 millj. ltr framleiðslu á árinu. Framleiðsla mjólkur 2018 var um 152,4 millj. ltr og um 151 milljón 2017.



Mynd 1 Vikuleg innvigtun mjólkur 2017, 2018 og 2019 og mánaðainnvigtun 2017-2019



Mynd 2 Mánaðarleg innvigtun 2017 - 2019 (mars)

Eins og fram kemur í mynd 2 er mánaðarframleiðsla fyrstu þrjú mánuði yfirstandandi árs nokkuð jöfn sömu mánuðum ársins 2017.

## Sala mjólkur og útflutningur

Í mynd 3 má sjá innvigtun og umreiknaða ráðstöfun mjólkur í mars 2019 og einnig ráðstöfun á 12 mánaða grunnni - þ.e. apríl 2018 - mars 2019. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 128,1 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því dregist saman um -2,82% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 144,7 milljónir lítra og hefur dregist örlítið saman eða um -0,1%. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 149,86 milljónum lítrum. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 21,7 milljónir lítra á próteingrunni og um 5,4 milljónir lítra á fitugrunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 20,1 millj. ltr, en útflutningur á fitugrunni nam um 7,3 millj. lítrum.


## Birgðir mjólkurvara

Mynd 4-7 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2017-2019.


Í yfirlitum birgða kemur fram að smjörbirgðir eru hækkandi og liggja mitt á milli birgða 2017 og 2018. Ostabirgðir eru í jafnvægi, en hafa verið nokkur hærrí en þörf er á og er verið að vinna að lækku heildarbirgða, einkum bræðsluostaeftis. Einnig er verið lækka birgðir á Mozzarellaosti og að hækka birgðir af Undanrennuostu en þær voru um 350 tonn í lok marsmánaðar.

| VÖRUFLOKKAR                 | Sala í ltr. og kg |                   |                    | Breyting frá fyrra ári, % |          |         |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|--------------------|---------------------------|----------|---------|
|                             | mars mánuður      | Síðustu 3 mánuðir | Síðustu 12 mánuðir | Mán.                      | 3 mán.   | 12 mán. |
| <b>Umreiknað á PRÓTEIN:</b> |                   |                   |                    |                           |          |         |
| Birgðir í upphafi           | 28.142.684        | 28.017.046        | 28.866.532         | -5,27                     | -4,62    | -8,42   |
| Innvegin mjólk              | 12.956.364        | 36.938.892        | 149.846.345        | -6,79                     | -6,49    | -2,13   |
| Seldar afurðir              | 10.553.403        | 30.926.163        | 128.160.791        | -8,11                     | -4,13    | -2,82   |
| Útflutningur                | 1.956.049         | 5.003.652         | 20.111.861         | -47,02                    | -35,28   | -13,63  |
| Birgðir í lok               | 28.527.644        | 28.527.644        | 28.527.644         | -1,17                     | -1,17    | -1,17   |
| Mismunur                    | 61.953            | 498.479           | 1.912.582          | -114,21                   | 2.472,90 | 216,19  |
| <b>Umreiknað á FITU:</b>    |                   |                   |                    |                           |          |         |
| Birgðir í upphafi           | 24.163.665        | 22.425.317        | 26.560.234         | -5,00                     | -1,11    | 14,48   |
| Innvegin mjólk              | 12.956.364        | 36.938.892        | 149.846.345        | -6,79                     | -6,49    | -2,13   |
| Seldar afurðir              | 12.348.176        | 34.700.013        | 144.722.904        | -4,41                     | -0,16    | -0,09   |
| Útflutningur                | 30.326            | 209.692           | 7.336.336          | -38,17                    | -10,50   | 121,15  |
| Birgðir í lok               | 24.668.446        | 24.668.446        | 24.668.446         | -7,12                     | -7,12    | -7,12   |
| Mismunur                    | 73.080            | -213.942          | -321.107           | -137,99                   | -134,07  | -120,34 |


Mynd 3 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. mars 2019.




Mynd 4 Þróun smjörbirgða 2017 - 2019



Mynd 5 Þróun ostabirgða 2017 - 2019 (26% og 17%).



Mynd 6 Þróun birgða á Mozzarella osti 2017 - 2019



Mynd 7 Þróun birgða á Undanrennuostu 2017 - 2019

Birgðastýring um þessar mundir felast einkum í tilflutningi á próteini milli vörflokka samtímis og bundin mjólkurfitu í ostabirgðum færast yfir í smjörbirgðir. Útflutningur á próteini að undanfögnu hefur fyrst og fremst verið í gegnum Undanrennuost. Þrátt fyrir tilflutning milli flokka er birgðastaða mjólkurvara í góðu jafnvægi hvort sem lítið er til birgða einstakra vörflokka eða samanlagðra birgða.

Pálmi Vilhjálmsson,  
framkvæmdastjóri framleiðslu- og  
rekstrarsviðs Mjólkursamsöslunnar

# Stór áfangi í sókn Ísey skyr á Japansmarkað

FRÉTTIR

Þann 8. apríl, kom til landsins Yoshihide Hata, forstjóri Nippon Ham, sem er eitt stærsta fyrirtæki Japans á sviði ferskra og frosinna matvæla og jafnframt fjórði stærsti kjötframleiðandi heims. Þar starfa 30.000 manns og fyrirtækið veltir um 1.400 milljörðum árlega.

Heimsókn hans tengist undirbúningi á framleiðslu og sölu á Ísey Skyrri í Japan, en dótturfyrirtæki Nippon Ham, mjólkurvörfyrirtækið Nippon Luna gerði framleiðslu og vörumerkjasamning um Ísey Skyr við MS á síðasta ári. Nippon Ham tók fyrr á árinu ákvörðun um að gera Ísey Skyr að sinni aðal heilsuvöru sem er mjög þýðingarmikið fyrir alla markaðssókn sem viðkemur Ísey Skyrri þar í landi. Áætlanir gera ráð fyrir að mikill kraftur verði settur í markaðssetninguna sem komi Ísey vel á kortið áður en Olympíuleikarnir hefjast í Tokýó árið 2020.



Verið er að ljúka byggingu nýrrar verksmiðju í nágrenni Tokýó sem hefur framleiðslu á Ísey Skyrri fyrir Japans markað á næstu mánuðum. Heimsókn forstjóra Nippon Ham hefur mikla þýðingu fyrir markaðssetningu á Ísey Skyrri í Japan þar sem sterk staða Nippon Ham getur mögulega komið vörinni í allt að 50.000 verslanir í Japan á næstu árum. Innkaupastjórar, fjölmiðlar og neytendur í Japan hafa sýnt skyrinu mikinn áhuga og má segja að umtalsverð eftirvænting sé eftir Ísey Skyrri þar í landi.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, tók á móti forstjóranum ásamt Kitagawa Yasuhiku, sendiherra Japans á Íslandi. Guðlaugur var viðstaddur undirritun upphaflega samningsins í Japan 29. maí s.l. og hefur lagt mikla áherslu á viðskiptasamstarf ríkjanna.

Einnig átti Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reykjavík, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra Íslands, fund með forstjóra Nippon Ham. Þórdís var í Japan í september 2018 og hefur einnig lagt mikla áherslu á viðskiptasamstarf ríkjanna m.a. á sviði jarðhita, nýsköpunar og ferðamála.

Forstjóri Nippon Ham heimsótti í ferðinni afurðastöð MS á Selfossi og höfuðstöðvar MS í Reykjavík þar sem viljayfirlýsing um frekara samstarf í Asíu var undirritað af Ara Edwald forstjóra MS og Yoshihiko Ishii forstjóra Nippon Luna.

Jón Axel Pétursson  
framkvæmdastjóri Ísey export



## Aðalfundur SAM 2019

Aðalfundur SAM var haldinn 6. mars 2019. Á fundinum var farið yfir starfsemi SAM og Verðlagsnefndar búvöru, auk þess sem fjallað var um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkur og mjólkurafurða á Íslandi árið 2018. Upplýsingar úr ársskýrslu SAM liggja fyrir á heimasíðunni [www.sam.is](http://www.sam.is) (sjá undir Um SAM og Ársskýrslur SAM).

Eftir kosningar 6. mars s.l. er stjórn SAM þannig skipuð:

|                            |               |
|----------------------------|---------------|
| Jóhanna Hreinsdóttir       | formaður      |
| Herdís Magna Gunnarsdóttir | varaformaður  |
| Ágúst Guðjónsson           | meðstjórnandi |
| Árni Sigurðsson            | meðstjórnandi |

Bjarni Ragnar Brynjólfsson  
skrifstofustjóri  
Samtök afurðastöðva í mjólkuridnaði

## Góðostur í sneiðum í minni umbúðum

Í marsmánuði kom á markað Góðostur í minni sneiðaboxum, með 8 sneiðum innanborðs. Þessi vara ætti að henta minni heimilum og í ferðalagið. Hann hentar einnig erlendum ferðamönnum sem sækja landið heim. Áfram verður stærra sneiðaboxið, með 16 sneiðum, í boði.

Fleiri nýjunga er að vænta í minni sneiðaboxum, eftir páska er fyrirhugað að koma með Havarti krydd og Cheddar í sneiðaboxum með átta sneiðum.



Góðostur í 8 sneiða boxi.



## MARKAÐSMÁL

## Páskavörur MS komnar aftur

Árstíðabundnu vörurnar frá MS eru skemmileg tilbreyting fyrir neytendur og hafa jafnframt jákvæð áhrif á sóluna. Páskavörur MS eru fastur liður í aðdraganda páskanna og gleðja án efa marga neytendur. Nú eru fjórar sérstakar páskavörur í boði frá MS: Páskaostakaka, Páska-Engjalykkni, Páskaostur og Páskjógúrt.



## Sýrður rjómi – 36%

Á síðustu misserum hefur aukist mjög áhugi á fituríkari afurðum en Ketó mataræðið hefur verið mjög vinsælt að undanförunu. Var því ákveðið að hefja aftur framleiðslu og markaðssetningu á 36% Sýrðum rjóma. Sýrður rjómi hentur sérstaklega vel í sósur, súpur og hverskonar matargerð. Einnig er hann mjög góður sem ídýfa. 36% Sýrður rjómi hefur strax vakið mikla athygli og er m.a. fjallað um hann á matarvef mbl.is.



## Mjólkursamsalan styrkir Badminton samband Íslands

Mjólkursamsalan er nýr styrktaraðili Badminton sambands Íslands en þau Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS og Kjartan Valsson, framkvæmdastjóri BSÍ, undirrituðu samning þess efnis á dögnum. Mótaröð fullorðinna fær nafnið Hleðslubikarinn og fá þeir keppendur sem verða efstir á styrkleikalista sambandsins í lok tímabilanna 2019 og 2020 nafnbótina bikarmeistari. Badminton samband Íslands heldur úti öflugum og miklu starfi en alls eru 32 íþrótta- og ungmennafélög á landinu með skráða iðkendur í badminton.

## Mjólkurbikarinn snýr aftur

Bikarkeppni KSÍ mun annað árið í röð bera nafnið Mjólkurbikarinn en það var staðfest þegar samningur þess efnis var undirritaður af fulltrúum MS og Sýnar fimmtudaginn 28. mars í höfuðstöðvum KSÍ. Mjólkurbikarinn vakti mikla athygli á árum áður og einnig síðastliðið sumar þegar bikarinn var loksins aftur tengdur við mjólk. Búast má við æsispennandi keppni í sumar og að sjálfsögðu verður skálað í mjólk með Mjólkurbikarmeisturum í ágúst og september. Fyrsta umferð karla hefst 10. apríl með leik Hamars og Kára á Akranesi og verður boðið upp á köku og mjólk í tilefni af fyrsta leiknum. Við hvetjum alla til að fylgjast með leikjunum á samfélagsmiðlunum í sumar en Mjólkurbikarinn er á Facebook, Instagram og Twitter.



Við undirritun samningsins.



*Gleðilega páska!*